



Áveitan

4. tbl. 11. árgangur. Apríl 2017

Þáskabingó

Kæru sveitungar. Nú er komið að hinu árlega þáskabingói Umf. Þjótanda! Gleðin fer fram miðvikudaginn 12. apríl kl 20:00 í **Félagslund**. Eins og venjulega er fjöldinn allur af þáskavinningum í boði. Spjaldið kostar 500 kr. og lækkar svo í hléi. 10. bekkur í Flóaskóla verður með opna sjoppu. Hlökkum til að sjá sem flesta.

Skemmtinefnd Umf. Þjótanda.

Víðavangshlaupið á sumardaginn fyrsta

Hið árvissa Víðavangshlaup Umf. Þjótanda mun fara fram á Þjósárbökkum á sumardaginn fyrsta, 20. apríl.

Hlaupið hefst við afleggjarann að Árprýði og er rúmlega einn kílómetri að lengd. Hlaupið byrjar kl 11:00 en skráning hefst kl 10:30. Við mælum með að fólk mæti tímanlega til þess að skrá sig svo hægt verði að ræsa hlaupið á réttum tíma.

Fyrsti karl og kona fá farandverðlaunagrip, en að auki fá allir keppendur verðlaunapening þegar þeir koma í mark. Svaladrykkir verða í boði ungmennafélagsins. Hlaupið er ætlað öllum aldurshópum svo það er tilvalið fyrir allar fjölskyldur sveitarinnar að koma og byrja sumarið saman á skemmtilegan hátt!

Umf. Þjótandi

Áveitan í Flóahreppi

Útgefandi: Ungmennafélagið Þjótandi.

Ábyrgðarmenn:

Ragnar Sigurjónsson
icegordon@gmail.com
S. 820-3565

löunn Ýr Ásgeirsdóttir
idunnyr84@gmail.com
S: 865-1454

Fanney Ólafsdóttir
fanneyo@emax.is
S. 892-4155

Frá sveitarstjóra

Ágætu íbúar

Daginn heldur áfram að lengja og starfsmenn Flóahrepps vinna að undibúningi sumarstarfa. Menningarnefndin hefur farið af stað með krafti og undirbýr nú hátíðina „**Fjör í Flóa**“ ásamt félögunum í Flóanum og starfsmönnum sveitarfélagsins. Hátíðin hefur öðlast fastan sess í dagatalinu, síðustu helgina í maí. Dagskrá hátíðarinnar verður nánar auglýst og hvet ég ykkur til þess að gleðjast saman á hátíðinni og taka með ykkur gesti. Ársreikningur Flóahrepps fyrir árið 2017, verður lagður fram til fyrri umræðu miðvikudaginn 12. apríl. Þá verða gögn aðalskipulagsvinnunnar einnig til umfjöllunar og stefnt að því að afgreiða þau til auglýsingar á sama fundi.

Vorhreinsun

Stefnt er að vorhreinsun í Flóahreppi með svipuðu sniði og undanfarin ár. Gámar verða staðsettir á plani við Heiðargerði og við Félagslund. Á sama tíma býður sveitarfélagið járna- og timburgáma til hreinsunarátaks heima á bæjum sé um mikið magn að ræða. Tímabilið sem gámar verða í boði er frá 17. maí –24. maí. Við hvetjum ykkur til þess að nýta ykkur þessa þjónustu. Gott er að gámar sem óskað er eftir að fari heim á bæi séu pantaðir með góðum fyrirvara til þess að auðvelda skipulagningu á akstri með þá.

Hvatastyrkir

Minnt er á að umsóknir um „hvatastyrki“ þurfa að berast á skrifstofu Flóahrepps fyrir **1. maí 2017**. Nánari upplýsingar á skrifstofu Flóahrepps í síma 480 4370 eða á netfangið gudrun@floahreppur.is

Ungmennaráð Flóahrepps

Æskulýðs- og tómsbundanefnd Flóahrepps gerði tillögu um að þau Hólmar Höskuldsson Stóra- Ármóti og Agnes Björg Birgisdóttir Langholti yrðu fulltrúar í ungmennaráði Flóahrepps. Sveitarstjórn samþykkti tillöguna og eru þau Hólmar og Agnes farin að starfa með æskulýðs- og tómsbundanefnd.

Æskulýðs- og tómstundanefnd ásamt ungmennaráði tilnefndi Agnesi til þess að starfa með ungmennaráði Suðurlands og Hólmar til vara. Við óskum þeim til hamingju með nýju verkefni og velfarnaðar í störfum sínum. Ungmennaráð Suðurlands er kostað af Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga.

Vinnuskóli – umsóknir

Undirbúningur vinnuskólans er hafinn og mikilvægt að skráningar berist á réttum tíma. Skoðað verður hvort boðið verður upp á 2 vikur fyrir 7. bekkinga eins og í fyrra og veltur það á fjölda annarra umsókna. Ekki er því hægt að gefa ákveðið svar um það hvort yngsti hópurinn fær pláss fyrr en liggur fyrir hver aðsóknin verður hjá eldri hópunum. Flokkstjóri unglíngavinnunnar verður eins og síðasta sumar, Árni Geir Hilmarsson. Við hlökkum til að heyra frá ykkur og spennandi að sjá hvað margir flottir krakkar verða í fegrunar- og hreinsunarteymi Flóahrepps í sumar. *Umsóknareyðublöð fyrir þá sem óska eftir að starfa í vinnuskólanum er að finna á heimsíðu sveitarfélagsins og skrifstofu Flóahrepps. Umsóknarfrestur er til 15. maí.*

Stefnt er að því að bjóða upp á garðslátt og hirðingu gegn vægu gjaldi þar sem þess verður óskað.

Menningarstyrkur Flóahrepps 2017

Menningarstyrkur Flóahrepps var auglýstur í síðasta hefti Áveitunnar, en minnt er á að umsóknarfrestur rennur út 15. apríl 2017. Umsóknum ásamt fylgigögnum skal skila á skrifstofu Flóahrepps.

Sveitarstjóri Flóahrepps

Sleifin

*Kvöldvaka kvenfélaganna í Flóahreppi fimmtudagskvöldið
27. apríl klukkan 20.30*

Kvenfélag Gaulverjabæjarhrepps býður kvenfélagskonum í Kvenfélagi Hraungerðishrepps og Kvenfélagi

Villingaholtshrepps ásamt gestum á kvöldskemmtun í Félagslundi fimmtudagskvöldið 27. apríl n.k. klukkan 20.30.

Uppistand, tískusýning og kaffiveitingar.

Hlökkum til að sjá ykkur og eiga notalega kvöldstund saman.

Fyrir hönd kvenfélags Gaulverjabæjarhrepps,
Guðrún Elísa Gunnarsdóttir formaður.

UPPSKRIFTARHORNID

Kæru sveitungar! Ég vona að mér sé fyrirgefið þó ég hafi skrúpað í síðasta Matarhorni og ætla ekki að reyna að afsaka það neitt. Hér koma 2 uppskriftir sem hafa aldrei brugðist mér:

Krækiberjalambasteik!

1-2 bollar krækiber (4-6 msk krækiberjasulta ef berin eru ekki til)

1 hvítlaukur marinn eða niðurskorinn smátt

2-4 msk salt

1-2 msk sítrónupipar

1 stór brúskur steinselja smátt söxuð

1 bolli matarolía

Þessu blandað saman og útbúinn marineringslögur.

2 lambahryggir eða 1 lambalæri – úrbeinað og vöðvarnir lagðir í löginn í amk. 1 sólarhring. Gott ef það er ekki lengur að láta allt saman standa í stofuhita.

Kjötið er síðan snöggsteikt á pönnu í 2 til 3 mín á hvorri hlið. Þá er það sett í bakka eða ofnskúffu og steikt við 150 gráður í ca. 30 mín.

Ef það á að steikjast í gegn verður það að vera eitthvað lengur í ofninum. Passar með öllu mögulegu.

Hér er svo eftirrétturinn:

Eplapæ úr Aðaldalnum

6 til 8 gul epli afhýdd, skorin í teninga og sett í botn á eldföstu móti

100 g smjör lint

200 g suðusúkkulaði

allt að 100 g sykur

100 g haframjöl

Þetta mulið saman og sett ofan á eplin.

Hitað í ofni við 200 gráður í ca. 30 til 45 mín.

Borið fram með rjóma eða MS ís.

Ég ætla svo að skora á hana Rögnu nágrannakonunni mína að skila uppskrift í næsta horn og vona að hún standi sig betur en ég.

Verði ykkur að góðu. 😊

Stefanía Hamarshjáleigu

Aðalfundur Afréttamálafélags Flóa og Skeiða

Aðalfundur afréttamálafélagsins verður miðvikudagskvöldið 19. apríl kl. 20:30 í Þingborg. Á dagskrá eru venjuleg aðalfundarstörf og almenn umræða um afréttarmál.

Allir sem nýta afréttinn okkar hvattir til að mæta.

Stjórnin

Aðalfundur 2017

Skógræktarfélagið Samhygð heldur aðalfund sinn á loftinu í Félagslundi laugardaginn 22. apríl 2017 kl. 14:00

Dagskrá :

Venjuleg aðalfundarstörf,

Breytingar á samþykktum félagsins

Önnur mál.

Nýir félagar boðnir velkomnir.

Stjórnin

Þjótandabúningar

Hægt verður að máta og panta Þjótandabúninga á páskabingóí félagsins 12. apríl næstkomandi. Við hvetjum alla til þess að panta sér búning enda gæða flíkur á góðu verði.

Fullorðinsstærðir: 8900kr

Barnastærðir: 7900kr

Nafnamerking á brjóst: 300kr

Stjórnin

Æskulýðs- og tómstundanevnd Flóahrepps

Æskulýðs-og tómstundanevnd Flóahrepps óskar eftir tilnefningum til íþróttamanns ársins 2016. Þeir sem tilnefndir eru þurfa að hafa lögheimili í Flóahreppi og hafa skarað fram úr í íþróttum á árinu 2016. Farið er eftir úthlutunarreglum ÍSÍ.

Ábendingar skulu berast fyrir 15. apríl á netfangið/síma hofgerdi60@gmail.com eða í síma 696-1752 (Ranna)

Frá Flóaskóla

Í febrúar síðastliðinn hélt skólaráð Flóaskóla íbúafund þar sem málefni skólans voru rædd. Umræðuefnin þetta skólaárið voru: *frjálssar umræður, snjalltæki í skólastarfi og samstarf heimila og skóla*. Á fundinn mættu um þrjátíu manns. Skólaráð áætla að halda einn íbúafund ár hvert. Fundurinn var góður og fólk skiptist á skoðunum og hugmyndum. Umræður urðu líflegar og gáfu undirtektir undir vissa umræðuliði til kynna hversu mikilvæg málefni eru. Fundurinn er góð leið til að ná samtali milli skóla og samfélags.

Strax daginn eftir íbúafundinn hittist skólaráð og fór yfir hvern lið fyrir sig. Umræðustjórar fóru betur yfir tilfinningu þeirra fyrir málefnum. Á þeim fundi ræddi skólaráð um að hafa á næsta ári umræðuna með öðru sniði þ.e. að vera með málstofur um einstaka málefni sem fólk gæti kynnt sér og umræður út frá þeim.

Hægt er að nálgast skýrslu um íbúafundinn inn á heimasíðu skólans undir liðnum skýrslur, fundagerðir og áætlanir <http://www.floaskoli.is/skolaradsfundagerdir>

Með vinsemd,
Anna Greta Ólafsdóttir
skólastjóri Flóaskóla

Frá Kvenfélagi Villingaholtshrepps:

Opið hús

Bryndís ætla að bjóða okkur heim, fimmtudagskvöldið 20. apríl frá kl. 20.00. Við tökum með okkur sumarskapið, enda sumardagurinn fyrsti, og tökum líka með okkur veitingar til að leggja á hlaðborð. Vona að sem flestar sjái sér fært að mæta og eiga saman góða stund í byrjun sumars. Bryndís býr á Tryggvagötu 24 á Selfossi.

Sjáumst kátar og hressar, forstöðukonan.

Gaman saman í Þjórsárverri

Þrjóna og spjallsamverur verða í Þjórsárverri mánudagskvöldin 3. og 24. apríl kl. 20.00 til 22.00.

Allar konur í sveitinni velkomnar, því fleiri þeim mun skemmtilegra.

Frá Villingaholtskirkju:

Verktaki í umhirðu í kirkjugarð

Sóknarnefnd Villingaholtssóknar auglýsir hér með eftir aðila til að taka að sér slátt og umhirðu í Villingaholtskirkjugarði sumarið 2017. Reiknað er með að byrja umhirðu í maí og síðan á 10 til 14 daga fresti út vaxtatímabil, eða u.þ.b. lok ágúst/byrjun september.

Upplýsingar og umsóknir sendist til Sólveigar Þórðardóttur, formanns sóknarnefndar, í email: skufslaekur2@gmail.com eða í síma 482 2553.

Aðalsafnaðarfundur Villingaholtssóknar verður haldinn í Villingaholtskirkju, miðvikudaginn 26. apríl kl. 20.00.

Dagskrá fundar:

1. Skýrsla formanns sóknarnefndar vegna 2016
2. Reikningar lagðir fram, ræddir og samþykktir
3. Kosningar, endurkjör í sóknarnefnd og skoðunarmaður
4. Ráðning í umhirðu og slátt
5. Önnur mál

Hvetjum sem flesta til að mæta og ræða um mál kirkjunnar sem er okkar allra.

Sóknarnefnd

Messur um páska

- Guðsþjónusta verður í **Laugardælakirkju á skírdag, 13. apríl kl. 13.30.** Prestur sr. Ninna Sif Svavarssdóttir.
- Hátíðarguðsþjónusta verður í **Villingaholtskirkju á páskadag, 16. apríl kl. 11.00.** Prestur sr. Guðbjörg Arnardóttir, organisti Ingi Heiðmar Jónsson og kirkjukórinn syngur
- Hátíðarguðsþjónusta í **Hraungerðiskirkju á annan í páskum, 17. apríl kl. 11.00.** Prestur sr. Guðbjörg Arnardóttir, organisti Ingi Heiðmar Jónsson, kirkjukórinn syngur.

Kvenfélag Villingaholtshrepps 100 ára

Spunavél Kvenfélags Villingaholtshrepps

Ég hef lesið yfir fundargerðir félagsins til að afla upplýsinga um spunavélina sem félagið átti. Þar kemur fram að starfræksla vélarinnar hefur verið heilmikið fyrirtæki, þar sem nánast í hverri fundargerð eru teknar ákvarðanir er lúta að vélinni. Hér á eftir verður stiklað á stóru um þennan rekstur sem stóð yfir í 21 ár og hefur létt á mörgum heimilum hvað viðkemur tóvinnu með kömbum og rokk.

Á fundi kvenfélagsins 1. júlí 1922 var samþykkt í einu hljóði að kaupa spunavél. Um haustið það sama ár var haldinn aukafundur um málefni hennar. Hér er birt fundargerð þess fundar:

„Árið 1922 þann 10. nóv var auka fundur haldinn í Kvenfélagi Villingaholtshrepps, að Villingaholti til þess að ræða um starfrækslu hinnar nýkeiftu spunavélar. Fundarstjóri var kosin Jón Sigurðsson Syðri-Gróf og skrifari Guðm. Guðmundsson Þingdal. Það sem gerðist á fundinum, var á stuttu máli á þessa leið:

1. Skýrt var frá því að vélin hefði skemst í fluttningi til Reykjavíkur sökum þess að ylla var gengið frá henni. Var samþykkt í einu hljóði að gera skaðabótakröfu á hendur seljanda.

2. Samþykkt að útvega mann til þess að kenna spuna, og var bent á Erasmus Gíslason á Loftstöðum.

3. Fundurinn ákvað að fá þá Stefán Thorarensen og Jón Gunnarsson til þess að spinna á vélin. Þóknun fyrir vinnu þeirra skal vera 2 kr. á dag og fæðispeningar kr.2,50. Birja skal á spuna svo fljótt sem vélin er komin í stand og búið að útvega kennara.

4. Samþykkt að félagskonur borgi 60 aura fyrir hvert pund, spunnið, tvinnað og hespað, en utanfélagskonur 80 aura. Gjald þetta greiðist um leið og bandið er sótt.

5. Það var tekið fram að verði vöntun á spólum til vélarinnar, þá er Stefáni Thorarensen falið að sjá um útvegum þeirra.

Fundargjörðin lesin upp, og fundi slitið.“

Jón Sigurðsson

Guðmundur Guðmundsson

Þegar spáð er í staðsetningu spunavélarinnar álit ég að henni hafi verið komið fyrir á heimilum sem höfðu húsakynni fyrir hana. Í fundargerð frá 14. okt. 1923 segir:

“Spunavélin skal standa í Hróarsholti. Ákveðið að Þorsteinn Guðbrandsson, Skálmholti spinni fyrir 1kr og 20 aur á dag og ákveðið að hann fái fæði fyrir 3 kr á dag. Spunagjald fyrir félagskonur 50 aur. á hvert pund einfalt band, tvinnað 70 aur enn þrinnað 80 aur. Spunagjald utanfélagskvenna 1 kr. á hvert pund einfalt band, 1 kr. 20 aur tvinnað og 1,30 þrinnað.“

Í okt. 1924 kemur fram að Eiríkur á Egilsstöðum er fenginn til að spinna og þá er einnig talað um að fá Jón í Villingaholti til að gjöra við vélinu.

21. okt. 1928, fundur í Þingdal.

„Rætt um spunafyrirkomulag og var sú ákvörðun tekin að hver kona annist sinn spuna en borgi leigu eftir vélinu sömuleiðis skal hver skildur að annast vélinu er notar hana sem hann sjálfur eyji.“

1929 er spunavélin flutt að Vatnsenda. Einhverja viðkomu hafði hún síðar á Efri-Sýrlæk og Saurbæ en lengst var hún starfrækt í Þingdal. Á kvenfélagsfundi í okt. 1942 er ákveðið að flytja spunavélinu frá Þingdal að Kolsholtshelli.

1.feb.1943 er haldinn fundur í Villingaholti. 7. mál á dagskrá:

„Rætt um sölu á spunavélinni og buðust tvær konur til að kaupa hana á 250 kr, sem var svo samþykkt, sem voru Marta Brynjólfsdóttir og Guðbjörg Árnadóttir og gengust þær undir að borga hana í vor.“

Eins og komið hefur fram var það kvenfélagið sem keypti og sá um rekstur á spunavélinni og hafa konurnar sýnt með því mikinn dugnað og áræðni. Á hverju ári voru lagðir fram spunareikningar og kom alltaf svolítið inn fyrir leigu á vélinni en markmið rekstrarins var auðvitað að létta fólkinu vinnuna. Á fundi 1939 var lesinn upp spunareikningur frá Þingdal og komu inn fyrir spunann að frádregnum 5 kr kostnaði kr 43,75 kr. Tveimur árum síðar, árið 1941, var innkoman 28,95 kr. Á því sést að notkunin hefur minnkað síðustu árin svo líklega hefur vélin verið seld þess vegna. Í bókinni „Ull verður gull“ eftir Magnús Guðmundsson er rakin saga spunavéla á Íslandi. Þar kemur fram að spunavél Kvenfélags Villingaholtshrepps var keypt frá Norðurlandi og var 20 -25 þráða.

Kristín Stefánsdóttir

Pistillinn

Ég þakka Jóni Elíasi fyrir að skora á mig að rita þennan pistil. En við höfum verið nágrannar í nokkur ár. Ég heiti Steindór Guðmundsson og er frá Stekkum í Sandvíkurhreppi. Ég bý í Hrygg 2 ásamt konu minni Ólöfu Ósk Magnúsdóttur (Ollu) og fjórum börnum og hér hef ég búið s.l. fimmtán ár. Ég er menntaður iðnrekstarafræðingur og löggiltur fasteignasali. Ég sækji vinnu á Selfoss en þar starfa ég sem löggiltur fasteignasali hjá Lögmonnum Suðurlandi.

Hér í Hrygg 2 höfum við í gegnum tíðina átt ýmiskonar bústofn og má þar nefna kanínur, hænur, hesta, kindur, ketti, hunda, gæsir og endur. Þar sem arðsemiskrafan er ekki ráðandi þáttur í búskapnum þá höfum við í seinni tíð horft meira til sauðfjárræktar. Í dag erum við með um 35 rollur, en þess má geta að þær eru einmitt mjög sólgnar í jurtirnar hjá Jóni Elíasi í Ölvisholti hvort sem það eru lækninga- eða aðrar jurtir (sem ritað var um í síðasta pistli.) Það eru þó einkum tvær rollur sem hafa sótt stíft í Ölvisholtshagana. Þar sem Jón Elías er nú fluttur er vonandi allt í lagi að koma með smá játningu. “Í ljósi þess að fallþungi þeirra lamba sem sótt hafa Ölvisholtshagana er með hærra móti eru þær rollur að sjálfsögðu settar á ár eftir ár og stöku gimbur til að viðhalda beitaritökum. “ Einnig erum við með nokkur hross meira til gamans en gagns. Hér eru ágætari reiðleiðir allt í kring. Aðeins höfum við verið að prófa okkur áfram í ræktun á hrossum og erum við aðallega með einn kaupanda sem er Hvíta húsið á Selfossi stundum nefnt SS. Að lokum langar mig að skora á Margréti Helgu Steindórsdóttur, Hrygg 2 að skrifa næsta pistil.

Steindór Guðmundsson

Flóahlaupið 2017

39. Flóahlaupið fór fram laugardaginn 1. apríl síðastliðinn í blíðskaparveðri. Þátttaka var fremur dræm þetta árið en þeir sem komu voru ánægðir og framkvæmdin gekk vel. Veitt voru verðlaun fyrir fyrstu þrjú sæti í aldursflokkum karla og kvenna 39 ára og yngri, 40-49 ára, 50-59 ára, 60-69 ára og 70-79 ára í 10 km hlaupinu og fyrstu þrjú sætin í 3 og 5 km. Einnig voru veitt verðlaun fyrir heildarúrslit í hlaupunum óháð aldursflokkum. Við þökkum þeim fyrirtækjum sem styrktu hlaupið kærlega fyrir þeirra framlag en þau voru: Lögmennt Suðurlandi, VÍS, TM, Flóahreppur, Fossdekk, AB-skálinn, Set, Byko, Kjörís, Krútangi, HP, Nettó og MS. Einnig þökkum við þeim sem hjálpuðu okkur með baksturinn fyrir kaffið kærlega fyrir.

Hér eru úrslit hlaupsins:

3km

1.	Sigurjón Reynisson	'05	12:44mín	Þjótandi
2.	Unnsteinn Reynisson	'03	16:08mín	Þjótandi
3.	Helgi Reynisson	'08	16:09mín	Þjótandi
4.	Ágúst Þorsteinsson	'04	27:13mín	Þjótandi
5.	Baldur L. Benediktsson	'14	31:48mín	Þjótandi
6.	Markús Ívarsson	'47	31:49mín	Þjótandi
7.	Óskirður Benediktsson	'17	32:25mín	Þjótandi
8.	Ingibjörg Markúsdóttir	'85	32:26mín	Þjótandi

5km

1.	Gunnar Örn Jónsson	'76	25:28mín	ÍSí
2.	Hannes Stefánsson	'49	26:13mín	ÍSí
3.	Ingunn Steingrímsdóttir	'66	36:28mín	ÍSí

10km

1.	Bartek Osior	'83	35:20mín	POL
2.	Arnar Karlsson	'69	40:07mín	FH
3.	Eiríkur Jónsson	'77	40:43mín	ÍSí
4.	Beata Osior	'86	42:49mín	POL
5.	Dagur Gunnarsson	'75	43:00mín	ÍSí
6.	Svava Rán Guðmundsd.	'70	43:33mín	Árbæjarskókk
7.	Ragnheiður Sveinbjörnsd.	'81	43:34mín	ÍR-skókk
8.	Róbert Jósefsson	'62	44:45mín	ÍSí
9.	Axel Einar Guðnason	'70	44:53mín	FH
10.	Ingvar Garðarsson	'58	45:59mín	HSK
11.	Arna Ír Gunnarsdóttir	'70	46:25mín	HSK
12.	Vígfús Eyjólfsson	'67	48:42mín	FF
13.	Sigurður Jón Gunnarss.	'71	49:35mín	Valur
14.	Grétar Þórisson	'64	50:45mín	Víkingur
15.	Magnús Jóhannsson	'54	51:06mín	FF
16.	Þorvaldur Ingimundars.	'70	51:21mín	ÍSí
17.	Tonie Gertin Sörensen	'69	51:29mín	Víkingur
18.	Guðbjörg Rós Guðm.	'66	51:33mín	Á
19.	Benedikt Rafnsson	'85	51:56mín	ÍSí
20.	Jóngeir Þórisson	'57	53:29mín	Hádegi
21.	Lucie Kovarikova	'90	55:17mín	CZE
22.	Herdís Þórisdóttir	'72	56:47mín	ÍSí
23.	Halldór Elís Guðnason	'45	59:19mín	ÍSí

Úrslit af íþróttamótum

Héraðsleikar HSK fóru fram þann 5. mars á Hellu. Margir frábærir krakkar kepptu fyrir hönd Þjótanda og stóðu sig glæsilega. Hér má sjá árangurinn þeirra:

Kári Þór Steindórsson	'07	Hástökk	0,90m	10. sæti
		Langst. án atr.	1,74m	3. sæti
		Kúlúv. (2kg)	4,83m	10. sæti
		30 m hlaup	5,50 sek	3.-4. sæti
Óskar Freyr Sigurðsson	'07	Hástökk	0,90m	11. sæti
		Langst. án atr.	1,70m	5. sæti
		30 m hlaup	5,90 sek	8-9 sæti
		Kúlúv. (2kg)	5,97m	4. sæti
Helgi Reynisson	'08	Langst. án atr.	1,77m	3. sæti
		Skutlukast	6,90m	17. sæti
		30 m hlaup	5,50 sek	5. sæti
Hjálmar V. Rúnarsson	'08	Langs. án atr.	1,74m	4. sæti
		Skutlukast	10,05m	9. sæti
		30 m hlaup	5,70 m	6-7 sæti
Benóný Ágústsson	'08	Langst. án atr.	1,70m	6. sæti
		Skutlukast	11,03m	8. sæti
		30 m hlaup	6,00 sek	10-15 sæti
Hjörleifur M. Rúnarsson	'08	Langst. án atr.	1,53m	13. sæti
		Skutlukast	8,45m	14. sæti
		30 m hlaup	6,40 m	17. sæti
David Örn A. Sævarsson	'08	Langst.án atr.	1,51m	15. sæti
		Skutlukast	12,40m	5. sæti
		30 m hlaup	6,00 sek	10-15 sæti
Guðbergur D. Ágústsson	'08	Langst. án atr.	1,51m	16. sæti
		Skutlukast	8,44m	15. sæti
		30 m hlaup	6,00 sek	10-15 sæti
Svandís A. Sævarsdóttir	'07	Hástökk	1,00m	2.-3. sæti
		Langst. án atr.	1,62m	4. sæti
		Kúlúv. (2kg)	5,14m	1. sæti
		30 m hlaup	5,60 sek	3. sæti
Þórunn Eva Ingvarsdóttir	'07	Langst. án atr.	1,46m	8. sæti
		Kúlúv. (2kg)	3,82m	12. sæti
		30 m hlaup	6,00 sek	6-7 sæti
		Langst. án atr.	1,13m	9. sæti
Ásdís Eva Magnúsdóttir	'07	Kúlúv. (2kg)	4,79m	2. sæti
		60 m hlaup	6,40 sek	8. sæti

Eftirtaldir krakkar tóku þátt í þrautabrautinni og stóðu sig afar vel:

Ásta Björg Jónsdóttir	Hugrún Svala Guðjónsdóttir
Björgvin Guðni Sigurðsson	Karólína Þórbergisdóttir
Bjarki Rafn Reynisson	Magnús Ögri Steindórsson
Garðar Þór Jónsson	Sæþór Leó Helgason
Jón Oliver Rúnarsson	Þórarinn Óskar Ingvarsson
Sigríður Svanhvít Magnúsdóttir	Axel Sævarsson
Kristófer Máni Andrason	Guðni Bóas Davíðsson
Eyþór Bergmann Ingvarsson	

Bikarkeppni FRÍ fór fram laugardaginn 11. mars síðastliðinn. Þar keppti Stefán Narfi Bjarnason í 60m hlaupi og hljóp á 7,47sek og endaði í 6. sæti. Einnig var hann með í boðhlaupssveit HSK í 4x200m og endaði sveitin í 6. sæti.

Þjótandi átti einn keppanda á **Góumót Gaflarans** sem fór fram í Hafnarfirði þann 18. mars. Það var hann Sigurjón Reynisson en hann stóð sig mjög vel. Hér má sjá árangur hans:

60m hlaup	9,41 sek	12. sæti
200m hlaup	31,94 sek	11. sæti
600m hlaup	1:56,30 min	4. sæti
Langstökk	3,83m	11. sæti

Frá Gaulverjabæjarkirkju:

Hátíðarguðsþjónustan á páskum verður annan dag páska, 17. apríl, kl. 14. Skírnir í guðsþjónustunni og barnaefni. Kór Gaulverjabæjarkirkju syngur. Sr. Kristján Björnsson þjónar og prédikar.

Vorhátíð barna- og æskulýðsstarfs í Gaulverjabæjar-, Stokkseyrar- og Eyrarbakkasókn hefst með helgistund í Stokkseyrarkirkju sunnudaginn 23. apríl kl. 12. Rattleikur úti af eftir og grillaðar pylsur. Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir, æskulýðsfulltrúi, leiðir barnastarfið. Allir hjartanlega velkomnir.

Sr. Kristján Björnsson.

Inngangserindi nemanda í 10. bekk Flóaskóla á íbúafundi um Flóaskóla

Góða kvöldið

Ég heiti Brynjar Jón Brynjarsson og er 15 ára gamall á sextánda árinu mínu í lífinu. Ég bý á sveitabæ í Flóahreppi sem heitir Hófgerði. Ég hef verið í Flóaskóla í átta og hálf ár, áður en ég kom í Flóaskóla var ég á Selfossi í Sunnulækjaskóla. Fyrst þegar ég frétti að ég væri að fara í nýjan skóla einhverstaðar niðri í sveit leist mér ekkert á það en frá fyrsta degi hefur mér fundist gríðalega skemmtilegt í Flóaskóla. Við fluttum í sveitina í desember 2008 og ég hef verið í Flóaskóla síðan. Mín sýn á Flóaskóla í framtíðinni er að þetta verður mjög góður skóli. Það sem mér finnst vanta er aðstaða til íþróttaiðkunar inni og á ég þá við eitt stórt íþróttahús við skólann, vonandi kemur það í framtíðinni. Starfsmenn skólans eru mjög góðir og skemmtilegir en ég er ekki að segja það að þeir hafi ekki galla, nei stundum fara sumir í mínar finustu taugar en það endar alltaf vel en auðvitað förum við nemendur líka í taugarnar á þeim stundum. En það hjálpaþa allir að, félagslífið er gríðalega gott og okkur í skólanum líður eins og við séum ein heild í sveitarfélaginu. Við erum saman í skólanum, í félagsmiðstöðinni Zone og á íþróttæfingum hjá Þjótanda og horfum á okkur sem eina heild. Þess vegna finnst mér ansi skrítið þegar eldra fólkið hér í sveitinni talar oft um gömlu hreppana og skiptir sér þannig upp í einingar þótt það sé búið að sameina hreppana.

Ég hef verið í skólaráði núna tvö ár í röð og er þetta það síðasta, síðan hef ég verið í nemendaráði hjá skólanum þrjú ár í röð og er þetta það síðasta líka. Hlutverk mitt í nemendaráði er að reyna að gera félagslífið og skólagönguna hjá þessum blessuðu unglíngum skemmtilegri og auðvitað hjá öllum hinum líka. Hlutverk mitt í skólaráði er að ég er talsmaður nemanda og ber ábyrgð á að sjónarmið nemanda komist til skila og ef þeir vilja koma með tillögur um hvernig má bæta skólann eða annað geta þeir alltaf talað við mig.



Eyravegi 32 · Sími 480 1160 · Neyðarnúmer 660 1160

Brokk og skokk á Fjöri í Flóa

Ungmennafélagið Þjótandi ætlar að endurtaka keppnina í „Brokk og skokk“ á sveitahátíðinni Fjör í Flóa vegna mikilla vinsælda á síðasta ári! Nú er um að gera að hefja æfingar fyrir þessa skemmtilegu keppni og bæta hlaupaformið hjá bæði mönnum og hestum. Keppnin verður nánar auglýst síðar en hér að neðan eru upplýsingar um fyrirkomulag keppinnar.

Keppnin fer fram á bökkum Þjórsár neðan við Þjórsárver, en keppnin verður ræst á síðarnefnda staðnum. Mæting á bílastæðið við Þjórsárver. Þetta er liðakeppni, þar sem hvert lið skipa 2 einstaklingar ásamt einum hesti. Annar hleypur en hinn situr hest, á leiðinni skiptast síðan keppendurnir á að hlaupa og sitja hestinn. Keppt verður í tveimur flokkum, það er annars vegar fjölskylduhring og hinsvegar íþróttahring. Í íþróttahringnum sem er um 6 km að lengd eru allir keppendur ræstir samtímis. Á leiðinni eru 5 fyrirfram ákveðnar skiptistöðvar, það verður að skipta á að minnsta kosti 4 þeirra. Sem sagt sá sem ríður hestinum af stað skilur hestinn eftir á fyrstu skiptistöð og hleypur áfram. Svo þegar sá sem hljóp af stað fyrsta legginn kemur að fyrstu skiptistöð, þá tekur hann hestinn og ríður áfram. Og síðan koll af kalli, alla leið í mark. Og eins og áður segir verður að skipta um knapa og hlaupara á að minnsta kosti 4 skiptistöðvum. Það lið sem er síðan fyrst í mark, bæði hlaupandi og ríðandi maður vinnur. Í fjölskylduhringnum sem er um 2 km að lengd, eru engar skiptistöðvar og heimilt er að teyma börn undir 8 ára aldri alla leiðina. En séu börn kominn yfir 8 ára aldur, þá verður að skipta að minnsta kosti einu sinni um knapa, það má gera hvenær og hvar sem er í brautinni. Keppendur mæta sjálfir með hesta til keppninar og er öllum keppendum skylt að bera hjálma og klæðast gulum vestum sem Þjótandi mun útvega.

Stjórnin



Frá Búnaðarfélagum Villingaholtshrepps og Gaulverjabæjarhrepps

Búnaðarfélag Gaulverjabæjarhrepps og Villingaholtshrepps verða í samstarfi með tækjaleigu sumarið 2017. Verðskrár hafa verið samræmdar og er fólk hvatt til að leigja tæki af hvoru félagi sem er óháð félagsaðild. Tækjalisti er sem hér segir:

Tæki í umsjón Reynis á Hurðarbaki, s. 898-0929:

Flaghefill	1.500 kr/dag
Málningarsprauta	500 kr/klst
Staurabor	1.000 kr/dag
Topplyklasett	Frítt
Sturtuvagn	6.000 kr/dag
Loftunarherfi	2.000 kr/ha

Tæki í umsjón Kristins í Kolsholti, s 869-7625

Sáðvél	2.500 kr/ha
Pinnatætari	3.300 kr/ha
Valtari	2.300 kr/ha
4skera vendiplógur	4.000 kr/ha

Tæki í umsjón Benedikts í Ferjunesi, s. 848-8604

Hnífatætari	2.000 kr/klst
Fjaðraherfi	1.700 kr/ha
Haugsuga	2.100 kr/klst
Plógur 5skera	3.600 kr/ha
Hagasláttuvél	2.300 kr/klst
Steypuhrærivél	200 pr poka, hámark 6.000 kr/dag

Tæki í umsjá Þorsteins á Syðra-Velli, s. 862-0305 og 486-3377

Stór valtari	2.300 kr/ha
Pinnatætari	3.300 kr/klst.
Haugsuga	1.500 kr/klst
Hestakerra	1.700 kr/klst
Hagasláttuvél	2.300 kr/klst
Hnífaherfi	1.800 kr/ha

Tæki í umsjá Sturlu á Fljótshólum, s. 862-0623, 486-3434

Plógur 5 skera	3.600 kr/ha
Lítill valtari	1.000 kr/ha
Hnífatætari 3m	3.300kr/ha

Tæki í umsjá Stefáns í Gerðum, s. 867-6907

Fjaðraherfi	2.000kr/klst
Diskaherfi	3.500 kr/ha
Samson dreifari	25.000 kr/ heill dagur
	12.500 kr/ hálfur dagur

(ath að dreifarinn er nú kominn í mjög gott lag)

Stjórnir félaganna biðja notendur að nýta tímann vel og skila tækjum smurðum og hreinum um leið og notkun líkur, nema um annað sé talað.

Stjórnirnar



**Aðalfundur Skógræktarfélags
Hraungerðishrepps
verður haldinn í Þingborg
miðvikudagskvöldið 5. apríl 2017, kl. 20:00**

Venjuleg aðalfundarstörf.

Kaffiveitingar.

Á eftir aðalfundinum verður fjallað um möguleika á berjarækt til gagns og gleði hér í ofanverðum Flóanum. Einnig verða nokkrir nýaðkomnir vágestir í görðum og gróðri kynntir til sögunnar.

Gaman væri að flestir sæju sér fært að mæta. Takið endilega með ykkur gesti. Svo fögnum við nýjum félögum ávallt vel.

Stjórnin.

Er hundurinn þinn á Kóngafæði ?

**Ef svo er ekki þá er ég að selja hundafóður frá King Bellfor.
Allar uppl í s: 8203565 og icegordon@gmail.com**

Ragnar Sigurjónsson

Glímufréttir:

Marín Laufey glímudrottning

Íslandsglíma karla og kvenna fór fram í íþróttahúsinu Iðu á Selfossi laugardaginn 1. apríl. Alls glímdu fimm karlar um Grettisbeltið og átta konur um Freyjumenið. Marín Laufey Davíðsdóttir úr Þjótanda sigraði kvennaflokkinn og varð þar með glímudrottning í fimmta sinn en Jón Gunnþór Þorsteinsson hafnaði í fjórða sæti í sinni fyrstu Íslandsglímu.

Glímuæfingar

Glímuæfing fellur niður á öðrum degi páska en annars verða þær á sínum stað í Félagslundi frá 19:30 til 21:00 út apríl.

Þjálfari

Skógræktarfélag - eða ekki

Nú eru liðin 30 ár síðan Skógræktarfélag Villingaholtshrepps var endurvakið eftir að hafa legið í dvala í allmörg ár.

Árið 1951 var félagið upphaflega stofnað og blómstraði það í þó nokkur ár en lognaðist svo útaf en var endurvakið 8. apríl 1987. Voru stofnfélagarnir 62 fullir áhuga og um árabíl voru fundir fjölmennir og félagarnir duglegir að nýta sér að fá skógarplöntur frá Skógræktarfélagi Árnesinga endurgjaldslaust og gróðursetja hver hjá sér, einnig var gróðursett í Skagási. Skagásreiturinn var stækkaður til muna og er ekki langt í að hann verði full plantaður. Skagásinn er orðinn mikill unaðsreitur.

Nú er staðan hinsvegar sú að dregið hefur svo úr fundarsókn að í nokkur ár hefur ekki verið fundarfært á aðalfundum. Á næsta aðalfundi mun Þórunn ekki gefa kost á sér til endurkjörs formanns, vill sjá unga og ferska manneskju í fararbroddi. Erla Björg í Kolsholti gefur kost á sér til embættisins. Vonumst við til að sjá sem flesta, einnig nýja félagsmenn og bendum þeim á að allir félagsmenn geta fengið ýmiskonar skógarplöntur ókeypis.

Fundarboð

Aðalfundur Skógræktarfélags Villingaholtshrepps verður haldinn að Vatnsenda 10. apríl 2017 kl. 20:00.

Venjuleg aðalfundarstörf.

Stjórnin.

Fjör í Flóa 2017

Smádýr óskast

Eins og flestir vita verður fjölskyldu- og sveitahátíðin Fjör í Flóa haldin dagana 26. til 28. maí. Við óskum af því tilefni eftir smádýrum og öðrum skepnum til að hafa til sýnis á hátíðinni s.s. hvolpum, kettlingum ofl. Ef þið lumið á slíku megið þið gjarnan setja ykkur í samband við Ingibjörgu Einarsdóttur, húsvörð Þingborgar í síma 691-7082.

Gömul farartæki óskast

Mikill áhugi er fyrir því að hafa gömul farartæki til sýnis á Fjör í Flóa. Við hvetjum því alla þá sem luma á gömlum bílum, traktórum og aftan í tækjum að hafa samband við Rúnar húsvörð í síma 898-2554.

Flottasti og frumlegasti póstkassinn

Vegna fjölda áskoranna höfum við ákveðið að endurtaka leikinn og halda samkeppni um flottasta og frumlegasta póstkassann. Þema póstkassans þarf að vera eitthvað sem minnir á fjölskylduhátíðina sjálfa Fjör í Flóa.

Allir íbúar eru hvattir til að taka þátt í þessari skemmtilegu keppni. Vinningshafinn verður síðan verðlaunaður á kvöldskemmtuninni sem haldin verður laugardagskvöldið 27. maí í Félagslundi.

Þar sem dagskrá hátíðarinnar er enn í mótun þá viljum við gjarnan heyra í þér, ef þú hefur frábæra hugmynd til þess að gera hátíðina skemmtilega og fjölbreytta. Einnig hvetjum við alla sem hafa áhuga á því að vera með viðburð, sýningar eða sölubás um að hafa samband við okkur í menningarnefnd Flóahrepps, Iðunni (idunnyrasgeirsdottir@gmail.com), Sigurbáru (sigurbara@floahreppur.is) eða Rósu (rosumatt@simnet.is).

Menningarnefnd Flóahrepps

PS. Þeir aðilar sem voru með auglýsingaskilti í fyrra í tengslum við Fjör í Flóa og hafa í fórum sínum, mega gjarnan setja sig í samband við Rúnar s. 898-2554

Búfjárræktarferð

Nautgriparæktarfélag Flóamanna og sauðfjárræktarfélögin í Villingaholts- og Gaulverjabæjarhreppi standa sameiginlega fyrir fræðslu- og skemmtiferð laugardaginn 8. apríl nk. Dagskráin er í grófum dráttum þannig að lagt verður af stað kl. 11 frá Félagslundi og 11:15 frá Þjórsárveri. Ekið verður upp Skeið og stoppað í hádegismat í Hrunamannahreppi. Eftir matinn verður ekið að Vatnleysu í Biskupstungum þar sem tekið verður hús á Rúnari Guðmundssyni og skoðuð þar nýlega byggð fjárhús. Ekið verður til baka niður Grímnes og út í Ölfus þar sem skoðað verður hið nýbyggða fjós í Hvammi hjá hjónunum Pétri og Charlotte. Áætluð heimkoma er fyrir mjaltir. Félagin munu greiða rútukostnað en fólk borgar sjálft fyrir matinn. Þessir taka við skráningum í ferðina í síðasta lagi um hádegi á föstudag: Stefán í Gerðum s 867-6907
Reynir á Hurðarbaki s 898-0929

Með von um góða þátttöku.
Stjórnirnar

Dagskrá mánaðarins

Aðalfundur Skógræktarfélags Hraungerðishrepps	5. apríl
Búfjárræktarferð	8. apríl
Aðalfundur Skógræktarfélags Villingaholtshrepps	10. apríl
Glímuæfing	10. apríl
Páskabingó	12. apríl
Guðsþjónusta í Laugardælakirkju	13. apríl
Hátíðarguðsþjónusta í Villingaholtskirkju	16. apríl
Hátíðarguðsþjónusta í Hraungerðiskirkju	17. apríl
Hátíðarguðsþjónusta í Gaulverjabæjarkirkju	17. apríl
Aðalfundur afréttamálarfélagisins	19. apríl
Víðavangshlaupi	20. apríl
Opið hús hjá Kvenfélagi Villingaholtshrepps	20. apríl
Aðalfundur Skógræktarfélagsins Samhygðar	22. apríl
Gaman saman í Þjórsárveri	24. apríl
Glímuæfing	24. apríl
Aðalsafnaðarfundur Villingaholtssóknar	26. apríl
Sleifin í Félagslundi	27. apríl